

14.3.2007

Alþingi
Erindi nr. P 133/1607
komudagur 15.3.2007

Nefndarmenn ~~alþingis~~ ^{Samgöngu-}nefndar Alþingis Íslendinga.

Undirrituð var formaður umferðarnefndar Bifhjólasamtaka Lýðveldissins, Snigla á síðasta ári. Sú breyting hefur orðið á að ég er nú formaður samtakanna með setu í umferðarnefnd. Umferðarnefnd vann á síðasta ári greinargerðir til stuðnings frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum. Breyting þessi er til að reyna að fá lögleyddan lágmarks hlífðarfatnað á bifhjólafólk.

Það er hverjum manni ljóst sem þessi mál skoðar að það er brýn þörf á úrbótum í þessum málum.

Á árunum 2002 til 2006 varð 261% aukning á bifhjólalýsum á móti 222% aukningu á bifhjólalýsum landsmanna. Eins og áður eru það slys á hægum hraða sem eru langalgengust, bifhjólafólk sem fellur af hjóli sínu af einhverjum sökum. Í svona slysum er hægt að lámarka skaða með notkun hlífðarfatnaðar. Tölur þessar eru fengnar frá umferðarstofu sem hefur verið okkur innan handar með hin ýmsu mál.

Það er ekkert lát á aukningu nýrra bifhjólaökumanna og svo virðist sem margir leggi ekki mikið upp úr eigin öryggi og renni af stað út í umferðina án nokkurs hlífðarfatnaðar. Ég nefni í þessu sambandi ungmenni landssins sem aka um á svokölluðum vespum og skellinöðrum og voru mjög áberandi þáttur af umferðinni í fyrra.

Ég vil hvetja ykkur til að skoða þetta mál gaumgæfilega, að baki liggur hin grafalvarlega staðreynd að það er hægt að bjarga einstaklingum frá heilmiklum skaða með þessari breytingu.

Það er einlæg von mín að þið sjáið ykkur fært að taka þetta mál til umræðu hið fyrsta. Sumarið færist nær og mikið liggur við.

Réttur hlífðarfatnaður er bifhjólafólki það sem bílbelti eru ökumönnum bifreiða.

Kærar þakkir,
kveðja,
Valdís Steinarrsdóttir,
formaður Bifhjólasamtaka Lýðveldissins,